FW: berist Karen Jónasdóttur eða Sigríði

Til	:	Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is>
Frá	:	Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Heiti	:	FW: berist Karen Jónasdóttur eða Sigríði
Málsnúmer	:	2611649
Málsaðili	:	Dýravaktin, samtök um réttindi
Skráð dags	:	12.11.2026 14:53:23
Höfundur	:	Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
Viðhengi	:	image002.png image001.png

Sæl,

Vinsamlegast skjala þetta.

Bestu kveðjur.

Þjónustuver Kópavogsbæjar

Thjonustuver@kopavogur.is

Kópavogsbær kopavogur.is

| | Sími

From: Dýravaktin **Sent:** miðvikudagur, 11. nóvember 2026 17:49**To:** Þjónustuver Kópavogsbæjar **Subject:** berist Karen Jónasdóttur eða Sigríði

Til bæjarstjórnar Kópavogs

Efni: Beiðni um 500.000 króna styrk til vetrarfóðrunar vatnafugla í Kópavogi 2026–2027

Ágætu bæjarfulltrúar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Fyrir hönd Dýravaktarinnar, samtaka um réttindi og velferð dýra, vil ég þakka Kópavogsbæ fyrir þann fjárhagslega stuðning sem bærinn hefur veitt verkefni okkar við vetrarfóðrun vatnafugla undanfarin ár. Starfið byggist á framlagi sjálfboðaliða sem leggja bæði tíma sinn og oft eigið fé til verkefnisins.

Í Kópavogi hefur fóðrunin einkum farið fram við Kópavogslæk sem og á tjörninni í Ögurhvarfi. Þar hefur fjölbreytt fuglalíf lengi verið hluti af bæjarmyndinni og veitt bæjarbúum og gestum mikla ánægju.

Á erfiðasta hluta vetrarins höfum við áætlað fóðurþörfina á þessum stöðum um 40 kg á dag en það er metið eftir fjölda fugla, veðri og viðbrögðum fuglanna.

Fyrir veturinn 2026–2027 áætlar Dýravaktin að lágmarksfjárþörf vegna fóðurkaupa á öllum starfssvæðum samtakanna verði um fimm milljónir króna.

Við óskum því eftir að Kópavogsbær veiti Dýravaktinni 500.000 króna styrk til að standa straum af kostnaði við vetrarfóðrun vatnafugla í Kópavogi á komandi vetri.

Jafnframt viljum við leggja áherslu á mikilvægi góðs samstarfs um umgengni á stöðunum og aðbúnað fuglanna.

Dýravaktin hefur áður lagt til að sett verði upp upplýsingaskilti við lækinn með leiðbeiningum á íslensku og ensku um hvaða fóður hentar vatnafuglum og hvernig almenningur geti umgengist þá af ábyrgð. Við teljum að slík fræðsla geti stuðlað að betri umgengni, dregið úr óheppilegum fóðurgjöfum og aukið skilning á þörfum fuglanna.

Við erum reiðubúin til samstarfs við Kópavogsbæ um slíkar leiðbeiningar og um skipulag fóðrunar sem tekur mið af velferð fuglanna, hreinlæti og umhverfi lækjarins. Gott væri ef við gætum hitt ykkur á fundi sem fyrst.

Fuglalífið við Kópavogslæk og Ögurhvarf er dýrmætur hluti af náttúru og sögu Kópavogsbæjar. Við vonum að bæjarstjórn sjái sér fært að efla stuðning sinn við þetta sjálfboðaliðastarf og stuðla að farsælu samstarfi um vernd og velferð fuglanna.

Með bestu kveðju,

Ingiveig GunnarsdóttirStjórnarformaður DýravaktarinnarSamtök um réttindi og velferð dýraKt. 630125-0220www.dyravaktin.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11 2026